

Ár 2022, fimmtudaginn 27. október er dómþing Dómstóls GSÍ háð af Gunnari Viðar formanni Dómstóls GSÍ.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 1/2022  
Helgi Svanberg Ingason,  
Kristján Ólafur Jóhannesson og  
Margeir Vilhjálmsson  
gegn  
Aganefnd Golfsambands Íslands og  
Mótsstjórn Íslandsmóts eldri kylfinga

Þann 4. október 2022 barst tölvupóstur til netfangsins [info@gsi.is](mailto:info@gsi.is) frá Helga Svanberg Ingasyni, [REDACTED]  
[REDACTED] bar sem lýst er yfir að hann notfæri sér heimild til að skjóta úrskurði aganefndar Golfsambands Íslands dags. 30. september 2022 í máli aganefndar nr. 1/2022 til dómstóls GSÍ sbr. 19. gr. laga GSÍ. Ekki hafa borist frekari gögn frá kæranda Helga.

Kærur vegna sama úrskurðar aganefndar voru móttknar af skrifstofu GSÍ 14. október 2022, frá Kristjáni Ólafi Jóhannessyni, [REDACTED] og Margeiri Vilhjálmsyni, [REDACTED]  
[REDACTED] Kröfur þeirra eru samhljóða:

„Kærður er úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í máli nr. 1/2022 og þess krafist að hann verði feldur úr gildi að því er varðar kæranda. Til vara er þess krafist að viðurlög verði ákveðin vægari en í hinum kærða úrskurði.“

Formaður dómsins var staddur erlendis þegar kærur Kristjáns og Margeirs bárust og fékk þær kærur og gögn sem þeim fylgdu í hendur 21. október 2022. Upphafsaðgerðir formanns voru að kanna hvort einhverjir formgallar kynnu að vera á kærum í málinu í samræmi við 2. mgr. 9. gr. laga um dómstóla GSÍ.

Formskilyrði sem kæra þarf að uppfylla eru talin upp í 8. gr. nefndra laga. Eitt þeirra skilyrða sem þar kemur fram er að í kæru skal koma fram lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á ásamt ljósriti af þeim gögnum.

Kæru Kristjáns fylgdu gögn merkt A-D og kæru Margeirs fylgdu gögn merkt sem fylgiskjöl 1-3.

Í greinargerð kærendanna Margeirs og Kristjáns er vísað til þess að viðkomandi kærandi hafi skilað ítarlegri greinargerð til aganefndar.

Í greinargerð kærandans Kristjáns segir orðrétt: „Kærandi vísar til greinargerðar sinnar til aganefndar, þar sem hann fer yfir málið frá a-ö eins og það horfir við honum, með tilvísun til viðeigandi fylgiskjala sem fylgdu greinargerðinni. Lesa verður greinargerðina og fylgiskjölin saman.“ Því er síðan lýst yfir að kærandi byggi á sömu röksemendum og lýst sé í greinargerðinni.

Í greinargerð kærandans Margeirs er á sama hátt tekið fram að greinargerð hafi verið skilað til aganefndar og því lýst yfir að gengið sé út frá því að aganefndin sendi þessi gögn til dómstóls GSÍ. Verði það ekki gert áskilur kærandi sér rétt til að „leggja gögnin aftur inn í málið“.

Að mati formanns er ljóst að báðir framangreindir kærendur byggja mál sitt á þeim greinargerðum sem þeir lögðu fram við meðferð málsins hjá aganefnd og þeim ótilgreindu gögnum sem þeim greinargerðum fylgdu. Þrátt fyrir þetta voru afrit þessara gagna ekki lögð fram með kæru svo sem áskilið er. Kærur þeirra teljast því ekki uppfylla kröfur sem gerðar eru í 8. Gr. laga um dómstól GSÍ.

Að því er varðar kæru Helga hafa ekki borist önnur gögn frá kæranda en tölvupóstur dags. 4. október 2022 sem áður er getið. Ljóst er að sá tölvupóstur kemst hvergi næri því að uppfylla þær kröfur um form og efni kæru sem fram koma í 8. gr. laga um dómstól GSÍ.

Í ljósi framangreinds er niðurstaða formanns að framkomnar kærur uppfylli ekki þau formskilyrði sem sett eru í 8. gr. laga um dómstól GSÍ. Vegna þess ágalla er málið ekki tækt til efnislegrar meðferðar. Óhjákvæmilegt er að vísa máli þessu frá dómi með vísan til 2. mgr. 9. gr. laga um dómstóla GSÍ.


Úrskurð þennan kvað upp Gunnar Viðar formaður Dómstóls GSÍ.

**Úrskurðarorð:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Kærendum er bent á ákvæði 3. mgr. 7. gr. laga um Dómstóla GSÍ þar sem fjallað er um kærufresti. Samkvæmt ákvæðinu hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málínu aftur fyrir dómstólinn. Frestur byrjar að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagur skulu ekki taldir með.

Dómþingi slitið



Gunnar Viðar